

# LEIÐSÖGN Í RITUN

## (guided writing)


### Aldurshópur

Allir aldurshópar

### Um leiðsögn í ritun

*Leiðsögn í ritun* felur í sér sértæka og nákvæma kennslu. Leiðsögnin er yfirleitt skipulögð fyrir lítinn hóp nemenda sem þarf á sömu leiðsögn að halda en hún getur einnig verið einstaklingsbundin. Nemendur skrifa með hjálp kennara en kennslan er miðuð að þörfum nemendanna. Markmiðið er að styðja nemendur í að verða sjálfstæðir í ritun og leiðsögnin er brú frá *sameiginlegu rituninni* yfir í *sjálfstæðu ritunina*.

*Leiðsögn í ritun* er þriðja skrefið í stigskiptum stuðningi; nemandi framkvæmir og kennari hjálpar.



Ungir og óreyndir nemendur eiga fá verkfæri til að hjálpa sér við ritun og kennarinn verður því að leiðsegja þeim með því að kenna þeim aðferðir eða fá þeim nauðsynlegt verkfæri. Fyrir flesta nemendur er betra að fá kennsluna í litlum hópi þegar þeir eru að stíga fyrstu skrefin eða eftir *sam-eiginlega ritun* og áður en til *sjálfstæðrar ritunar* kemur. Kennari leiðbeinir nemendum varðandi það hvernig þjálfaðir textasmiðir vinna og hvernig þeir geti gert eins í sinni vinnu. Samvinna og samtal er mikilvægur þáttur í þessari kennslu og þannig öðlast nemendur skilning á tilgangi ritunar, fá áhuga á ritun og læra aðferðir sem gagnast þeim síðar í sjálfstæðri ritun.

### Framkvæmd

- Kennari tekur ákvörðun um hópskiptingu út frá athugunum sínum þar sem nemendur, sem þarfnast sömu leiðsagnar, eru saman í hóp. Hann sendir aðra nemendur af stað í sjálfstæða vinnu (t.d. sjálfstæða ritun eða á læsisstöðvar) og kallar til sín einn leiðsagnarhóp í einu sem er hjá honum í u.þ.b. 20 mínútur.
- Kennari byrjar á því að virkja nemendur í umræðu um viðfangsefni og/eða þá gerð textategundar sem hann ætlar að vinna með í leiðsögninni.
- Kennari fer yfir þá aðferð eða þau atriði sem hann ætlar að kenna þessum hópi nemenda. Yfirleitt er gott að miða við að einungis um eitt eða tvö markmið/viðfangsefni sé að ræða. Kennari gefur stutt sýnidæmi og/eða hefur tiltæk „verkfæri“ sem minna nemendur á og hjálpa þeim.
- Kennari leiðir nemendur af stað í sjálfstæða ritun (hópurinn situr saman hjá kennara en hver og einn nemandi skrifar sinn eigin texta) og gefur þeim 5–10 mínútur í ritunina. Kennarinn veitir nemendum einstaklingsbundna leiðsögn eftir þörfum.
- Kennari veitir nemendum svigrúm í lokin til að lesa upp það sem þeir skrifuðu því þeir græða á að lesa textann upphátt í heild sinni og fá viðbrögð frá hinum nemendum í hópnum.